FJÁRMÁLAEFTIRLIT

22. apríl 2020
Tilvísun: 2004106

Dreifibréf til vátryggingafélaga

Númer: 17/2020

**Efni: Drög að reglum sem breyta reglum nr. 1365/2019 um tæknilega framkvæmdarstaðla er varða verklag, framsetningu og sniðmát fyrir skýrslu vátryggingafélaga um gjaldþol og fjárhagslega stöðu.**

Fjármálaeftirlitið hefur gefið út umræðuskjal nr. 3/2020 sem inniheldur drög að nýjum reglum sem breyta reglum nr. 1365/2019 um tæknilega framkvæmdarstaðla er varða verklag, framsetningu og sniðmát fyrir skýrslu vátryggingafélaga um gjaldþol og fjárhagslega stöðu. Um er að ræða innleiðingu framkvæmdarreglugerða framkvæmdarstjórnarinnar (ESB) sem fylgja Solvency II löggjöfinni. Breytingarreglurnar verða settar með stoð í 4. mgr. 57. gr. laga um vátryggingastarfsemi nr. 100/2016 og 5. mgr. 41. gr. laga nr. 60/2017 um vátryggingasamstæður.

Með dreifibréfi þessu gefur Fjármálaeftirlitið viðtakendum kost á að koma á framfæri athugasemdum við drögin. Skjölin eru birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, https://www.fme.is/log-og-tilmaeli/umraeduskjol/

Fjármálaeftirlitið óskar eftir því að athugasemdir umsagnaraðila við meðfylgjandi umræðuskjal berist eigi síðar en 30. apríl nk. Óskað er eftir að umsagnir séu ritaðar á þar til gert umsagnareyðublað sem finna má á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, sbr. nánari skýringar í meðfylgjandi umsagnarskjali. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið fme@sedlabanki.is

Virðingarfyllst,

Rúnar Guðmundsson
framkvæmdastjóri
lífeyrir og vátryggingar

Guðrún Finnborg Þórðardóttir
forstöðumaður
skrifstofa bankastjóra